

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 57/2023

2023/EES/77/29

frá 17. mars 2023

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/749 frá 8. febrúar 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2417 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 31bazzf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 0749:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/749 frá 8. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 4).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/749, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 4.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.